

2. fundur samstarfsnefndar um sameiningu Bæjarhrepps og Húnaþings vestra haldinn á skrifstofu Bæjarhrepps á Borðeyri þriðjudaginn 30. ágúst 2011 kl. 10:00.

Mæting samkvæmt undirskriftum.

Afgreiðslur;

1. Íbúakönnun um sameiningu sveitarfélaga.

Formaður, Leó Örn Þorleifsson, kynnti og gerði stuttlega grein fyrir helstu niðurstöðum viðhorfskönnunar um sameiningu sveitarfélaga á Norðurlandi vestra sem framkvæmd var af Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri í júnímánuði sl. Sérstaklega var farið yfir niðurstöður viðhorfa íbúa í Bæjarhreppi og Húnaþingi vestra. Almennu eru íbúar þessara sveitarfélaga hlyntir sameiningu þeirra skv. niðurstöðum könnunarinnar. Einnig var farið yfir viðhorf íbúanna til ýmissa þjónustubátta innan sveitarfélaganna. Ljóst er að niðurstöður könnunarinnar eru samstarfsnefndinni gott veganesti í störfum hennar.

2. Upplýsingar frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Skúli Þórðarson, gerði grein fyrir afgreiðslu ráðgjafanefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á ósk samstarfsnefndarinnar um fjárhagslega aðstoð sjóðsins til könnunar á hagkvæmni sameiningar sveitarfélaganna. Ráðgjafanefnd sjóðsins hefur samþykkt að veita alls kr. 2.860.000- til könnunar á hagkvæmni sameiningar sveitarfélaganna. Framlagið sundirliðast þannig:

- Framlag til könnunar á hagkvæmni kr. 1.000.000-
- Framlag til kynningar á sameininartillögu kr. 1.346.640-
- Framlag vegna framkvæmdar atkvæðagreiðslu kr. 513.240-

Framlagið miðast þó við raunkostnað.

Þá kynnti Skúli úttekt sjóðsins á fjárhagslegum áhrifum mögulegrar sameiningar sveitarfélaganna á tekju- og útgjaldajöfnunarframlög jöfnunarsjóðs. Niðurstaða þeirrar úttektar er sú að tekjujöfnunarframlag mun hækka um kr. 6.159.394- og útgjaldajöfnunarframlag mun hækka um kr. 4.076.860-. Þannig munu þessi framlög sjóðsins hækka um kr. 10,2 millj. komi til sameiningar Bæjarhrepps og Húnaþings vestra. Nefndin samþykkti að fela formanni, varaformanni og ritara að fara yfir niðurstöður úttektarinnar með fulltrúum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Sömu aðilum var einnig falið að ráða aðila til að gera könnun á hagkvæmni mögulegrar sameiningar sveitfélaganna.

3. Ákvarðanir um tímasetningar.

Nefndin samþykkir að stefna að því að kynningarfundir vegna mögulegrar sameiningar verði haldnir nóvembermánuði nk., kosningar um sameiningu sveitarfélaganna fari fram þann 3. desember nk. og verði sameining þeirra samþykkt þá taki sameiningin gildi þann 1. janúar 2012.

4. Umræða um einstaka málaflokka og verkefni.

Rætt um nokkra af helstu málaflokkumí rekstri sveitarfélaganna og einstök verkefni sem starfað er að og framundan eru.

5. Önnur mál.

- A. Nefndin samþykkir að samhliða fundi með fulltrúum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði óskað eftir fundi með fulltrúum Innanríkisráðuneytisins vegna verkefna samráðsnefndar.
- B. Samþykkt að næsti fundur verði haldinn á Hvammstanga þann 8. september nk. kl. 10:00

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 12:25

Leó Örn Þorleifsson.

Sigurður Kjartansson.

Elín R. Líndal.

Jóhann Ragnarsson.

Stefán Böðvarsson.

Gísli Kjartansson.

Elín Jóna Rósinberg.

Jóna Gunnarsdóttir.

Skúli Þórðarson.

Guðmundur Waage.